



Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 14. mars 2018

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um tillögu til þingsályktunar um sálfræðipjónustu í framhaldsskólum. (Þingskjal 3 — 3. mál.)

Virðingarfyllt,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,
framkvæmdastjóri

Umsögn Barnaheilla – Save the Children á Íslandi um tillögu til þingsályktunar um sálfræðipjónustu í framhaldsskólum

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa fengið til umsagnar ofangreinda þingsályktunartillögu og þakka fyrir það.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi taka heilshugar undir tillöguna um að öllum nemendum í framhaldsskólum verði tryggt aðgengi að sálfræðipjónustu innan veggja skólanna og hvetja til þess að hún verði samþykkt á Alþingi.

Brottfall úr framhaldsskólum var samkvæmt skýrslu Barnaheilla frá 2016 18,8%, eða það hæsta sem gerist á Norðurlöndum. Sjá: https://www.barnaheill.is/static/files/pdf/Ending_Educational_and_Child_Poverty_in_Europe_2016.pdf. Afar mikilvægt er að bregðast við miklu brottfalli úr framhaldsskólum til að vinna gegn því að börn og ungmenni flosni upp úr námi. Menntun er meðal þess sem sker úr um hvernig fólki reiðir af í samfélaginu og vinnur meðal annars gegn fátækt.

Geðheilbrigðisþjónustu við börn og ungmenni er samkvæmt úttekt ríkisendurskoðunar frá 2016 ábótavant. Sjá: <http://rikisendurskodun.is/wp-content/uploads/2016/02/SU-Gedheil-born-unglinga.pdf>.

Samkvæmt reynslu er nýting á sálfræðipjónustu í framhaldsskólum góð þar sem boðið hefur verið upp á hana. Sjá m.a. http://www.mbl.is/frettir/innlent/2017/03/08/ungt_folk_synir_streitueinkenni/.

Barnaheill hvetja Alþingi til að tryggja öllum börnum jafnt aðgengi að sálfræðipjónustu og setja stefnu, í viðbót við það sem fram kom í geðheilbrigðisáætlun frá 2016, um þjónustu sálfræðinga í framhaldsskólum.

Samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna eiga börn rétt á bestu mögulegu heilbrigðisþjónustu, þ.á m. geðheilbrigðisþjónustu, án mismununar.